

Nr. 131

22. janúar 2018

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Réttarholt A, lnr. 166587.

Skipulagssvæðið er 9,3 ha að stærð þar sem heimilað er að reisa gisticiningar fyrir allt að 30 gesti auk þess að heimilt er að staðsetja þar þjónustuhús. Stærð gisticininga skal vera frá 20-30 m² að grunnfleti auk þess sem svefnloft er leyfilegt. Húsin skulu byggð úr timburgrind og klædd með timbri og/eða járni. Þakform er frjálst. Heimilt er að hækka og/eða byggja við núverandi gripahús.

Samþykkt í sveitarstjórn þann 18. október 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. janúar 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. febrúar 2018